



VEITU- OG FRAMKVÆMDANEFND HRUNAMANNAHREPPS

5. fundur Veitu- og framkvæmdanefndar haldinn mánudaginn 22. apríl 2024 kl. 15:30.

Mættir eru: Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason, Daði Geir Samúelsson, Kolbrún Haraldsdóttir og Ævar Eyfjörð Sigurðsson.

Auk þeirra sátu fundinn Hannibal Kjartansson, Gunnþór Guðfinnsson og Aldís Hafsteinsdóttir sem ritaði fundargerð í tölvu.

Hér var gengið til dagskrár:

DAGSKRÁ:

1. Fasteignir Hrunamannahrepps – staða framkvæmda - 2024.

Rætt um eftirfarandi framkvæmdir sem eru á dagskrá ársins 2024. Starfsmenn gerðu grein fyrir stöðu einstakra verkefna:

Framkvæmdir við íþróttahús: unnið er að lokahönnun einstakra verkþátta en verktaki hefur þegar fengist að verkinu sem þarf að klárást í sumar.

Framkvæmdir á kennslugangi: unnið er að framgangi einstakra verkþátta en starfsmenn sveitarfélagsins munu hafa yfirumsjón með verkinu og sinna ákveðnum verkþáttum.

Gluggaskipti, Flúðaskóla: búið er að ræða við sömu verktaka og áður hafa skipt um glugga í skólanum og er beðið endanlegra svara varðandi útfærslu verksins frá þeim.

Endurbætur á skólalóð: fundur verður með hönnuði skólalóðarinnar á morgun. Nemendur eru að vinna óskalista varðandi lóðina sem liggja mun fyrir í vikunni.

Leikvöllur í norðurbænum: staðsetning hefur verið ákveðin við enda Ásastígs og verið er að velja leiktæki.

Framkvæmdir á gámasvæði: hönnuður Eflu mun koma hingað á morgun til að skoða aðstæður á gámasvæðinu og vinna áfram að tillögum að breytingum á gámasvæðinu.

Skáli Svínárnesi: Samkvæmt lögum um þjóðlendur þá ber að nýta þá fjármuni sem sveitarfélagið fær af þjóðlendunni innan þjóðlendunnar. Um umtalsverða fjármuni er að ræða árlega og því telur nefndin rétt, rétt eins og komið hefur fram í bókunum Afréttarmálanefndar, að nýta þá fjármuni með því að ráðast í endurnýjun og/eða endurbætur á skálum svæðisins á einhverjum árum. Svínárnes er í brýnustu þörfinni og því hefur þessi undirbúningsvinna hafist. Á fundinum var lagt fram tilboð frá Límtré Vírnet í 160m² skála. Samþykkt að óska eftir því við fyrirtækið að lauslega verði hannað innra skipulag í skálann í samræmi við umræður á fundinum. Á næsta fundi nefndarinnar verður málið rætt frekar.

2. Hitaveita - tillaga að deiliskipulagsbreytingu í Laxárdal. Staða hitaveitunnar – umræða.

Rætt um málefni Hitaveitu Flúða utan sveitarfélagamarka. Veitustjóra falið að fylgja málínu eftir í samræmi við umræður á fundinum.

3. Vatnsveita - Blákvísl

Lögð fram skýrslan: Forathugun virkjunar í vatnsveitu á Flúðum sem gerð var af starfsmönnum Verkís ehf. Skýrsluhöfundar ætluðu að mæta á fundinn en boðuðu forföll í morgun. Umræðu um skýrsluna er frestað til næsta fundar og þá munu vonandi skýrsluhöfundar geta mætt á fundinn.

Gerð grein fyrir fundi með starfsmönnum ÍSOR og lögð fram kostnaðaráætlun vegna mats á vatnsbólinu Blákvísl á Hrunamannafrétti. Nefndin leggur til að samið verði við ÍSOR um rannsóknina.

4. Fráveita– niðurstaða verðfyrirspurnar „Endurbætur á fráveitu - færsla hreinsistöðvar“. Lögð fram niðurstaða verðfyrirspurnar, „endurbætur á fráveitu, færsla hreinsistöðvar“. Lægstdbjóðandi var Fögrusteinar ehf en tilboð þeirra kr. 44.053.124,- nam 81% af kostnaðaráætlun Eflu ehf. Sveitarstjórn hefur þegar samþykkt tilboðið og verksamningur verður undirritaður á næstu dögum og þar með getur verkið hafist.


5. Verkfundargerðir

Lögð fram fundargerð verkfundar Byggð á Bríkum nr 22 dags. 16.4.2024

Umræða um fyrirkomulag við næstu götu - Röðulstanga. Nefndin leggur til að þegar í stað verði unnin útboðsgögn fyrir fullnaðarhönnun götunnar með það fyrir augum að farið verði í útboð á Röðulstanganum en fyrsti áfangi þess verði jarðvinna og fráveita. Verkið yrði unnið árið 2025 og tímarammi verksins því mjög rúmur.

Umræða um breytingar á Loðmundartanga. Skipulagsfulltrúi er að vinna óverulega breytingu á deiliskipulagi sem auglýst verður fljótlega.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:31

Dóði Geir Samuelsson Guðrún Þ. Gíðótt
Bjarni Vignisdóttir Þorsteinn Ó. Þórsson

Kárunn Hænisdóttir